

Nd.

313. Frumvarp

til laga um framkvæmd eignarnáms.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Nú er í lögum heimilað eignarnám, og skal þá fara um framkvæmd þess sem hjer segir, nema heimildarlögin sjálf mæli öðru vísi fyrir.

2. gr.

Endurgjald skal ákveða eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna. Nú á eignarnám að fara fram handa bæjar- eða sveitarfjelagi, og skulu þeir menn þá eigi kvaddir, sem eru í þjónustu sveitarfjelagsins eða sæti eiga þar í bæjar- eða sveitarstjórn.

3. gr.

Matsmenn skulu með hæfilegum fyrirvara bjóða þeim, er hlut eiga að máli, að vera viðstaddir gerðina. Má gera það í ábyrgðarbrjefi eða á annan hátt, svo sanna megi að birting hafi farið fram.

Gefinn skal aðilum kostur á að skýra mál sitt, skriflega eða munnlega, og kynna sjer það, sem þegar er fram komið. En því að eins verður gerðinni frestað, að matsmenn telji einhvern aðila þurfa að afla sjer frekari gagna.

4. gr.

Á sama hátt og segir í 3. gr. skal, eins fljótt og verða má, birta aðilum matsgerðina, eða þeim, er við hana voru staddir.

Að matsgerð lokinni má eignarnemi taka hið numda í sína vörslu, án þess hindrað verði með áfrýjun gerðarinnar, gegn því að greiða matsverðið og allan áfallinn matskostnað.

5. gr.

Nú vill aðili áfrýja matsgerð, og skal hann það gert hafa innan 4 vikna frá því gerðin fór fram.

Skjóta má mati til *venjulegs yfirmats* eða *sjerstaks yfirmats*.

6. gr.

Venjulegt yfirmat framkvæma þrir óvilhallir, dómkvaddir menn, er fullnægja skilyrðum þeim, er um getur í 2. gr.; þeir kjósa sjer oddvita.

Nú hefir bæjarfjelag, þar sem dómari er oddviti bæjarstjórnar eða á sæti í bæjarstjórn, krafist eignarnáms, og er þá rjett, að stjórnarráðið kveðji yfirmatsmennina.

Yfirmatsmenn skulu framkvæma matið á sama hátt sem matsmennirnir, en eigi skal aðilum neitað um frest til þess að afla sjer nýrra gagna, ef þeirra telst nokkur þörf.

Sá, sem krefst yfirmats, greiðir matskostnað, nema matinu sje breytt honum i vil um 10% eða meira; þá skal hinn aðilinn greiða kostnaðinn.

7. gr.

Nú er þess krafist, að námsbætur sjeu 10000 kr. eða meira, og má þá i stað venjulegs yfirmats krefjast *sjerstaks yfirmats*. Jafnframt og áfrýjandi krefst þessa mats, skal hann afhenda 300 kr. til greiðslu matskostnaðar.

Til sjerstaks yfirmats nefnir landsyfjrrjetturinn 3 menn; skal einn þeirra vera dómari i rjettinum, og er sá oddviti matsmanna, en hinir skulu hafa sjerþekkingu á því sviði, sem um er að ræða.

Um kostnað við sjerstakt yfirmat gilda ákvæði 6. gr.

8. gr.

Skylt er matsmönnum og yfirmatsmönnum að rannsaka verð eignarinnar eftir fõngum, meðal annars með því að leita skýrslna af málsaðilum sjálfum og öðrum, ef nauðsyn krefur. Matsmenn mega og, ef nauðsyn ber til, afla sjer skýrslna og aðstoðar sjerfræðinga, og skal sá kostnaður, er það hefir i för með sjer, teljast með matskostnaðinum.

9. gr.

Matsmenn ákveða sjálfir þóknun sina. Nú verður ágreiningur um hana, og fellir þá stjórnarráðið fullnaðarúrskurð um þann ágreining.

10. gr.

Matsverð eignar skal miðað við það gangverð, sem hún mundi hafa i kaupum og solum, og sje um hluta fasteignar að ræða, skal frá matsverðinu draga það, sem hinn hluti eignarinnar við eignarnámið hefir stigið i verði fram yfir aðrar eignir, svo sem þegar spilda er tekin eignarnámi undir götu, og við það vinst hússtæði við götuna; svo ber og hins vegar að taka tillit til verðrýrnunar þess hluta eignarinnar, sem eftir er.

Nú á annar en eigandinn verðmæt rjettindi yfir eigninni, og skal þá endurgjaldið ákveðið einnig með tilliti til þessa, og þeim ætlaðar sjerstakar bætur, sem missa kunna rjettindin að einhverju eða öllu leyti.

11. gr.

Endurgjaldið skal greitt sem fyrst eftir að upphæðin hefir verið ákveðin, nema eignarnemi, vegna áfrýjunar, óski þess að fresta því að taka við eigninni.

Eignarnemi skal sjá um, að veðeigendum, sem kunna að eiga tilkall til einhvers hluta endurgjaldsins, sje greidd fjárhæðin eða hún tekin frá til greiðslu síðar. Nú er tekinn eignarnámi svo litill hluti fasteignar, að eigi er að ræða um verulega rýrnun i verði, og má þá eignarnemi, ef engin krafa kemur fram frá veðeigendum, greiða þeim endurgjaldið, er fyrir eignarnáminu varð, og skal sá sjá um, að fullnægt sje kröfum þeim, er kunna að koma fram af veðeigenda hálfu.